Hagnaður 2.309 millj. kr. á 3. ársfjórðungi 2026

Helstu niðurstöður 3. ársfjórðungs 2026

- Vöru- og þjónustusala nam 51.147 millj. kr. og jókst um 8,6% milli ára.
- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.901 millj. kr. og lækkaði um 1,3% milli ára.
- Framlegðarstig nam 23,3% og lækkaði um 2,3 p.p. milli ára, en um 0,8 p.p. án áhrifa gengis, eldsneytisverðs og breytinga á opinberum gjöldum á eldsneyti.
- EBITDA nam 4.988 millj. kr. og lækkaði um 6,2% milli ára.
- Hagnaður nam 2.309 millj. kr. og lækkaði um 12,9% milli ára. Arðsemi eigin fjár nam 12,2%.
- Handbært fé frá rekstri nam 4.839 millj. kr. og lækkaði um 1.825 millj. kr. milli ára.
- Nettó vaxtaberandi skuldir, að meðtöldum leiguskuldum, námu 39.892 millj. kr. og hafa hækkað um 6.945 millj. kr. frá áramótum, einkum vegna fjárbindingar tengdrar hærra eldsneytisverði, fjárfestinga, arðgreiðslu og kaupa á eigin bréfum.
- Eigið fé nam 48.229 millj. kr. og eiginfjárhlutfall var 40,2% (41,2% í árslok 2025). Félagið keypti eigin bréf fyrir 921 millj. kr. á fjórðungnum.
- Gengið var frá kaupum á öllu hlutafé Skjáauglýsinga ehf. og eftirstandandi 30% af hlutafé í Local ehf. Kaupverð nam 564 millj. kr. að frádregnu handbæru fé félaganna á kaupdegi en getur hækkað um allt að 300 millj. kr. háð afkomu Skjáauglýsinga 2027 og 2028. Áætluð EBITDA félaganna er um 150 millj. kr. á ári og verða þau hluti af samstæðunni frá 1. október 2026.

Milljónir króna	3F 2026	3F 2025	Breyt.	% Breyt.	9M 2026	9M 2025	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarreikningur								
Vöru- og þjónustusala	51.147	47.093	4.054	8,6%	137.555	128.458	9.097	7,1%
Framlegð af vöru- og þjónustusölu	11.901	12.057	-156	-1,3%	33.170	32.277	893	2,8%
Aðrar rekstrartekjur	600	545	56	10,2%	1.724	1.663	61	3,7%
EBITDA	4.988	5.319	-331	-6,2%	11.461	11.746	-286	-2,4%
EBIT	3.459	3.796	-337	-8,9%	6.960	7.366	-406	-5,5%
EBT	2.835	3.244	-409	-12,6%	4.688	5.309	-621	-11,7%
Hagnaður tímabilsins	2.309	2.651	-342	-12,9%	3.827	4.349	-523	-12,0%
Efnahagsreikningur					30.9.2026	31.12.2025	Breyt.	% Breyt.
Birgðir					16.683	14.179	2.504	17,7%
Viðskiptakröfur					6.755	5.435	1.319	24,3%
Handbært fé					1.771	5.929	-4.158	-70,1%
Vaxtaberandi skuldir					41.663	38.876	2.787	7,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir					39.892	32.947	6.945	21,1%
Nettó vaxtaberandi skuldir/EBITDA					2,5	2,1	0,4	19,0%
Eiginfjárhlutfall					40,2%	41,2%	-1,0 p.p.	-2,3%
Arðsemi eigin fjár					12,2%	13,9%	-1,7 p.p.	-12,3%
Sjóðstreymi	**3F 2026**	**3F 2025**	**Breyt.**	**% Breyt.**	**9M 2026**	**9M 2025**	**Breyt.**	**% Breyt.**
Handbært fé frá rekstri	4.839	6.664	-1.825	-27,4%	5.094	14.276	-9.182	-64,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-2.256	-1.166	-1.089	93,4%	-5.069	-3.696	-1.373	37,2%
Fjármögnunarhreyfingar	-2.138	-3.835	1.697	-44,3%	-4.214	-7.870	3.656	-46,5%
Handbært fé í lok tímabils	1.771	6.811	-5.040	-74,0%	1.771	6.811	-5.040	-74,0%
Lykiltölur								
Framlegð af vörusölu	23,3%	25,6%	-2,3 p.p.	-9,1%	24,1%	25,1%	-1,0 p.p.	-4,0%
Starfsmannakostnaður/framlegð	45,5%	43,3%	+2,2 p.p.	4,9%	51,6%	49,9%	+1,7 p.p.	3,3%
EBITDA/framlegð	41,9%	44,1%	-2,2 p.p.	-5,0%	34,6%	36,4%	-1,8 p.p.	-5,1%
Hagnaður/framlegð	19,4%	22,0%	-2,6 p.p.	-11,7%	11,5%	13,5%	-2,0 p.p.	-14,4%
Hagnaður á hlut	7,5	8,5	-1,0	-11,9%	12,4	14,0	-1,6	-11,0%
Handbært fé frá rekstri/framlegð	40,7%	55,3%	-14,6 p.p.	-26,4%	15,4%	44,2%	-28,8 p.p.	-65,3%
Fjárfestingar	2.283	1.192	1.092	91,6%	5.504	4.265	1.240	29,1%

Rekstur 3. ársfjórðungs og horfur út árið

Rekstur samstæðunnar á þriðja ársfjórðungi var í heildina viðunandi í ljósi krefjandi ytri aðstæðna, þótt afkoma hafi verið misjöfn eftir rekstrareiningum og í heild undir áætlun. Tekjur jukust um 8,6% milli ára en framlegð lækkaði um 1,3%.

Átökin í Mið-Austurlöndum hafa skapað verulega óvissu. Verð á hrávörum, þar á meðal olíu, hefur hækkað mikið og sveiflur aukist vegna ótta við truflanir í aðfangakeðjum. Eins og búist var við hélst því áfram þrýstingur á framlegð af eldsneytissölu á fjórðungnum, þar sem ekki var svigrúm til að velta hækkunum að fullu út í verðlag. Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu lækkaði um 622 millj. kr. milli ára. Fækkun ferðamanna milli ára dró jafnframt úr sölu þvert á starfsþætti og minni eftirspurn á raftækjamarkaði leiddi til 3,5% lækkunar á framlegð af raftækjasölu. Krónan hélt áfram sókn sinni á dagvörumarkaði með góðum vexti í tekjum og afkomu og ágætur gangur var í öðrum vöruflokkum.

Þvert á samstæðuna fjölgaði afgreiðslum um 1,5% og seldum vörum um 4,7%. Seldum eldsneytislítrum fækkaði hins vegar um 2,8%, einkum vegna minni sölu til stórnotenda. Framlegðarstig nam 23,3% og lækkaði um 1,6 prósentustig frá fyrri ársfjórðungi og 2,3 prósentustig frá sama fjórðungi í fyrra.

Verðbólga er enn mikil, um 6%, og hefur áhrif á vöruverð og rekstrarkostnað í öllum starfsþáttum. Þrátt fyrir það hefur samstæðunni tekist vel að halda aftur af kostnaði og hækkuðu laun og annar rekstrarkostnaður aðeins um 3,2% milli ára.

EBITDA nam 4.988 millj. kr. og lækkaði um 6,2% milli ára. EBITDA Krónunnar jókst um 274 millj. kr. (15,1%), en EBITDA N1 lækkaði um 598 millj. kr. (23,7%), ELKO um 60 millj. kr. (10,5%) og Lyfju um 52 millj. kr. (11,2%). Hagnaður fjórðungsins nam 2.309 millj. kr. og lækkaði um 342 millj. kr. milli ára.

Stjórnendur gera ráð fyrir að framlegð af eldsneyti verði áfram undir þrýstingi á næstu mánuðum og að verðbólga haldist há út fjórða ársfjórðung. Unnið er áfram að því að mæta þessum áskorunum, meðal annars í samstarfi við birgja. Horfur ársins eru áfram góðar og EBITDA-spá ársins er óbreytt á bilinu 16.000–16.500 millj. kr.

Tekjur 3. ársfjórðungs 2026

- Heildartekjur námu 51.747 millj. kr. og jukust um 8,6% milli ára, en um 2,1% án áhrifa gengis, heimsmarkaðsverðs eldsneytis og breytinga á opinberum gjöldum á eldsneyti um síðustu áramót.
- Tekjur af dagvörusölu námu 24.957 millj. kr. og jukust um 7,6% milli ára.
- Tekjur af eldsneytis- og rafmagnssölu námu 14.400 millj. kr. og jukust um 16,5% milli ára.
- Tekjur af raftækjasölu námu 5.067 millj. kr. og lækkuðu um 2,0% milli ára.
- Tekjur af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum námu 4.012 millj. kr. og jukust um 8,3% milli ára.
- Tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu námu 2.711 millj. kr. og jukust um 1,5% milli ára.

Milljónir króna	3F 2026	3F 2025	Breyt.	% Breyt.	9M 2026	9M 2025	Breyt.	% Breyt.
Vöru- og þjónustusala								
Dagvörur	24.957	23.187	1.770	7,6%	70.178	64.831	5.347	8,2%
Eldsneyti og rafmagn	14.400	12.362	2.038	16,5%	33.105	30.708	2.397	7,8%
Raftæki	5.067	5.169	-102	-2,0%	14.626	14.367	259	1,8%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	4.012	3.703	309	8,3%	11.801	10.763	1.038	9,6%
Aðrar vörur og þjónusta	2.711	2.672	39	1,5%	7.845	7.789	56	0,7%
Samtals vöru-og þjónustusala	**51.147**	**47.093**	**4.054**	**8,6%**	**137.555**	**128.458**	**9.097**	**7,1%**
Aðrar rekstrartekjur	**600**	**545**	**56**	**10,2%**	**1.724**	**1.663**	**61**	**3,7%**
Tekjur samtals	**51.747**	**47.638**	**4.109**	**8,6%**	**139.279**	**130.121**	**9.158**	**7,0%**

Tekjur af dagvörusölu jukust um 7,6% milli ára þar sem Krónan hélt áfram að auka umsvif sín, meðal annars með verulegum vexti í snjallverslun. Tekjur af eldsneyti og rafmagni jukust um 16,5% þrátt fyrir að selt magn eldsneytis hafi minnkað um 2,8%. Hækkunin skýrist að mestu af mikilli hækkun eldsneytisverðs á heimsmarkaði,

um 75–85% milli ára eftir tegundum, ásamt breytingum á opinberum gjöldum á eldsneyti um síðustu áramót. Tekjur af raftækjasölu lækkuðu um 2,0% vegna minni eftirspurnar á raftækjamarkaði, en tekjur af lyfjasölu jukust um 8,3%. Færri ferðamenn en í fyrra drógu úr sölu þvert á starfsþætti og jukust tekjur af annarri vöru- og þjónustusölu um 1,5%.

Framlegð af vöru- og þjónustusölu á 3. ársfjórðungi 2026

- Framlegð af vöru- og þjónustusölu nam 11.901 millj. kr. og lækkaði um 1,3% milli ára. Framlegðarstig nam 23,3% og lækkaði um 1,6 p.p. frá fyrri ársfjórðungi og 2,3 p.p. milli ára.
- Framlegð af dagvörusölu nam 6.057 millj. kr. og jókst um 8,5% milli ára. Framlegðarstig nam 24,3% og hækkaði um 0,3 p.p. frá fyrri ársfjórðungi og 0,2 p.p. milli ára.
- Framlegð af eldsneytis- og rafmagnssölu nam 2.449 millj. kr. og lækkaði um 20,3% milli ára. Framlegðarstig nam 17,0% og lækkaði um 3,0 p.p. frá fyrri ársfjórðungi og 7,8 p.p. milli ára.
- Framlegð af raftækjasölu nam 1.360 millj. kr. og lækkaði um 3,5% milli ára. Framlegðarstig nam 26,8% og lækkaði um 1,2 p.p. frá fyrri ársfjórðungi og 0,4 p.p. milli ára.
- Framlegð af lyfseðilsskyldum lyfjum og lausasölulyfjum nam 1.012 millj. kr. og jókst um 5,4% milli ára. Framlegðarstig nam 25,2% og hækkaði um 0,2 p.p. frá fyrri ársfjórðungi en lækkaði um 0,7 p.p. milli ára.
- Framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu nam 1.023 millj. kr. og lækkaði um 1,0% milli ára. Framlegðarstig nam 37,7% og lækkaði um 0,9 p.p. milli ára.

Milljónir króna	3F 2026	3F 2025	Breyt.	% Breyt.	9M 2026	9M 2025	Breyt.	% Breyt.
Framlegð af vöru- og þjónustusölu								
Dagvörur	6.057	5.582	474	8,5%	16.771	15.365	1.407	9,2%
Eldsneyti og rafmagn	2.449	3.072	-622	-20,3%	6.303	7.179	-876	-12,2%
Raftæki	1.360	1.409	-50	-3,5%	4.024	3.799	225	5,9%
Lyfseðilsskyld lyf og lausasölulyf	1.012	960	52	5,4%	2.945	2.848	97	3,4%
Aðrar vörur og þjónusta	1.023	1.033	-10	-1,0%	3.127	3.086	40	1,3%
Samtals framlegð af vöru- og þjónustusölu	**11.901**	**12.057**	**-156**	**-1,3%**	**33.170**	**32.277**	**893**	**2,8%**

Framlegð af vöru- og þjónustusölu lækkaði um 156 millj. kr. milli ára. Lækkunina má að mestu rekja til eldsneytis og rafmagns, þar sem framlegð dróst saman um 622 millj. kr. Innkaupsverð eldsneytis var áfram hátt í kjölfar verðhækkana á heimsmarkaði og ekki skapaðist svigrúm til að velta hækkununum að fullu út í söluverð. Á móti jókst framlegð af dagvörusölu um 474 millj. kr. og framlegð af lyfjasölu um 52 millj. kr. Framlegð af raftækjasölu lækkaði um 50 millj. kr. vegna minni eftirspurnar á raftækjamarkaði og framlegð af annarri vöru- og þjónustusölu um 10 millj. kr.

Rekstrarkostnaður 3. ársfjórðungs 2026

- Rekstrarkostnaður á 3F 2026 nam 7.514 millj. kr. og hækkar um 3,2% milli ára.
- Laun og annar starfsmannakostnaður hækka um 184 millj. kr. eða 3,5% milli ára.
- Fjöldi stöðugilda nam 1.785 á fjórðungnum sem er fjölgun um 1,7% milli ára.
- Annar rekstrarkostnaður hækkar um 47 millj. kr. eða um 2,3% milli ára.

Milljónir króna	3F 2026	3F 2025	Breyt.	% Breyt.	9M 2026	9M 2025	Breyt.	% Breyt.
Rekstrarkostnaður								
Laun og annar starfsmannakostnaður	5.409	5.225	184	3,5%	17.100	16.115	985	6,1%
Annar rekstrarkostnaður								
Rekstrarkostnaður fasteigna	607	627	-20	-3,2%	1.886	1.823	63	3,5%
Viðhaldskostnaður	330	327	2	0,7%	940	915	24	2,6%
Sölu- og markaðskostnaður	504	490	14	2,9%	1.514	1.477	38	2,6%
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	152	109	42	38,6%	455	391	64	16,4%
Samskiptakostnaður	352	343	9	2,5%	1.053	1.024	30	2,9%
Vátrygginga- og tjónakostnaður	46	28	18	63,8%	178	101	76	75,4%
Annar kostnaður	115	132	-18	-13,3%	307	348	-41	-11,7%
Samtals annar rekstrarkostnaður	**2.104**	**2.057**	**47**	**2,3%**	**6.334**	**6.079**	**255**	**4,2%**
Samtals rekstrarkostnaður	**7.514**	**7.282**	**231**	**3,2%**	**23.434**	**22.194**	**1.240**	**5,6%**

Laun og annar starfsmannakostnaður námu 5.409 millj. kr. á þriðja ársfjórðungi samanborið við 5.225 millj. kr. á sama tímabili 2025 og hækkuðu um 3,5% milli ára. Stöðugildi voru að meðaltali 1.785 á fjórðungnum og fjölgaði um 29, eða 1,7%, milli ára. Laun og annar starfsmannakostnaður á hvert stöðugildi hækkaði því um 1,8% milli ára. Í töflunni hér að neðan má sjá greiningu á breytingu launa og annars starfsmannakostnaðar milli ára í millj. kr.

Laun og starfsmannakostnaður samtals 3F 2025	**5.225**
Stöðugildi - breyting	84
Samningsbundnar launahækkanir	213
Starfsmannakostnaður	-39
Annar kostnaður	-73
Laun og launatengd gjöld 3F 2026	**5.409**

Annar rekstrarkostnaður nam 2.104 millj. kr. samanborið við 2.057 millj. kr. á sama tímabili í fyrra og hækkaði um 47 millj. kr., eða 2,3%. Áhrifa verðbólgu og aukinnar sölu gætir í flestum kostnaðarliðum, en gott aðhald í rekstri skilaði því að heildarrekstrarkostnaður hækkaði einungis um 3,2% milli ára, sem er vel undir verðbólgu og tekjuvexti.

Fjármagnsliðir 3. ársfjórðungs 2026

- Hrein fjármagnsgjöld námu 836 millj. kr. samanborið við 803 millj. kr. árið áður og hækka um 33 millj. kr. milli ára.
- Vaxtatekjur námu 51 millj. kr. og lækka um 74 millj. kr. milli ára.
- Vaxtagjöld námu 955 millj. kr. og hækka um 41 millj. kr. milli ára.
- Áhrif gengismunar voru samtals jákvæð um 67 millj. kr. og hækka um 81 millj. kr. milli ára.
- Hlutdeild í afkomu hlutdeildarfélaga nam 212 millj. kr. samanborið við 251 millj. kr. árið áður.

Milljónir króna	3F 2026	3F 2025	Breyt.	% Breyt.	9M 2026	9M 2025	Breyt.	% Breyt.
Vaxtatekjur	51	125	-74	-59,0%	229	333	-105	-31,4%
Vaxtagjöld	-955	-914	-41	4,5%	-2.864	-2.888	25	-0,9%
Gengismunur	67	-14	81	-	71	-26	97	-
Óvirkar varnir afleiðusamninga	0	0	0	-	-85	0	-85	-
Samtals nettó fjármagnsliðir	**-836**	**-803**	**-33**	**4,2%**	**-2.649**	**-2.581**	**-68**	**2,6%**

Efnahagur og fjárhagsleg staða í lok 3. ársfjórðungs 2026

- Heildareignir námu 119,8 ma. kr. í lok 3F 2026 og hafa aukist um 4,1 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Fastafjármunir námu 93,6 ma. kr. og hafa hækkað um 4,5 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Veltufjármunir námu 26,3 ma. kr. og hafa lækkað um 0,4 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Handbært fé nam 1,8 ma. kr. í lok 3F 2026 sem er lækkun um 4,2 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Nettó vaxtaberandi skuldir námu 39,9 ma. kr. og hafa hækkað um 6,9 ma. kr. frá síðustu áramótum.
- Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,2% í lok 3F 2026 samanborið við 41,2% í árslok 2025.
- Skuldsetningarhlutfall (nettó vaxtaberandi skuldir án leiguskulda / EBITDA) var 1,70 í lok 3F 2026 samanborið við 1,34 í árslok 2025.

Milljónir króna	30.9.2026	31.12.2025	Breyt.	% Breyt.
Viðskiptavild	18.949	18.367	582	3,2%
Aðrar óefnislegar eignir	7.580	7.659	-79	-1,0%
Rekstrarfjármunir	45.451	43.655	1.796	4,1%
Leigueignir	12.101	10.510	1.591	15,1%
Fjárfestingarfasteignir	7.320	6.731	589	8,7%
Birgðir	16.683	14.179	2.504	17,7%
Viðskiptakröfur	6.755	5.435	1.319	24,3%
Handbært fé	1.771	5.929	-4.158	-70,1%
Vaxtaberandi skuldir	41.663	38.876	2.787	7,2%
Nettó vaxtaberandi skuldir	39.892	32.947	6.945	21,1%
Eiginfjárhlutfall	40,2%	41,2%	-1,0 p.p.	-2,3%
Veltuhraði vörubirgða	8,7	9,0	-0,3	-3,3%

Viðskiptavild nam 18.949 millj. kr. í lok fjórðungsins, eða um 15,8% af heildareignum, og hækkaði um 582 millj. kr. frá áramótum vegna kaupa á Skjáauglýsingum ehf. og eftirstandandi 30% af hlutafé í Local ehf. Kaupverðsúthlutun vegna kaupanna er ekki lokið. Aðrar óefnislegar eignir námu 7.580 millj. kr. og lækkuðu um 79 millj. kr. Rekstrarfjármunir námu 45.451 millj. kr. og hækkuðu um 1.796 millj. kr., leigueignir hækkuðu um 1.591 millj. kr. og fjárfestingarfasteignir námu 7.320 millj. kr. og hækkuðu um 589 millj. kr. frá áramótum.

Birgðir námu 16.683 millj. kr. og viðskiptakröfur 6.755 millj. kr. og hafa hækkað um samtals 3.823 millj. kr. frá áramótum, einkum vegna hærra eldsneytisverðs. Aukin fjárbinding í rekstri ásamt arðgreiðslu skýrir að mestu lækkun handbærs fjár um 4.158 millj. kr. frá áramótum.

Nettó vaxtaberandi skuldir, að meðtöldum leiguskuldum, námu 39.892 millj. kr. og hækkuðu um 6.945 millj. kr. frá áramótum. Félagið hefur aðgang að ódregnum lánalínum að fjárhæð 2,5 ma. kr. og fjárhagsstaða þess er sterk, með eiginfjárhlutfall upp á 40,2%.

Sjóðstreymi 3. ársfjórðungs 2026

- Handbært fé frá rekstri nam 4.839 millj. kr. sem er lækkun um 1.825 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjárfestingarhreyfingar voru neikvæðar um 2.256 millj. kr. sem er hækkun um 1.089 millj. kr. frá árinu áður.
- Fjármögnunarhreyfingar voru neikvæðar um 2.138 millj. kr. sem er lækkun um 1.697 millj. kr. frá árinu áður.

Milljónir króna	3F 2026	3F 2025	Breyt.	% Breyt.	9M 2026	9M 2025	Breyt.	% Breyt.
Sjóðstreymi								
Handbært fé í byrjun tímabils	**1.313**	**5.142**	**-3.829**	**-74,5%**	**5.929**	**4.075**	**1.854**	**45,5%**
Handbært fé frá rekstri	4.839	6.664	-1.825	-27,4%	5.094	14.276	-9.182	-64,3%
Fjárfestingarhreyfingar	-2.256	-1.166	-1.089	93,4%	-5.069	-3.696	-1.373	37,2%
Fjármögnunarhreyfingar	-2.138	-3.835	1.697	-44,3%	-4.214	-7.870	3.656	-46,5%
Gengismunur af handbæru fé	12	6	6	90,5%	32	26	6	23,0%
Breyting á handbæru fé	**458**	**1.669**	**-1.211**	**-72,6%**	**-4.158**	**2.736**	**-6.894**	**-**
Handbært fé í lok tímabils	**1.771**	**6.811**	**-5.040**	**-74,0%**	**1.771**	**6.811**	**-5.040**	**-74,0%**

Handbært fé frá rekstri nam 4.839 millj. kr. á 3F 2026 samanborið við 6.664 millj. kr. á 3F 2025. Lækkunin skýrist einkum af breytingum á rekstrartengdum skammtímaliðum, en viðskiptaskuldir lækkuðu lítillega á fjórðungnum eftir verulega hækkun á sama tímabili í fyrra og viðskiptakröfur lækkuðu minna en í fyrra. Lægri EBITDA og hærri vaxta- og skattgreiðslur höfðu einnig áhrif. Birgðir lækkuðu um 777 millj. kr. á fjórðungnum og er fjárbinding vegna hærra eldsneytisverðs, sem nam 2,5 ma. kr. frá áramótum, því farin að ganga til baka.

Fjárfestingarhreyfingar námu 2.256 millj. kr. samanborið við 1.166 millj. kr. á 3F 2025. Fjárfestingar í rekstrarfjármunum, óefnislegum eignum og fjárfestingarfasteignum námu 2.283 millj. kr. og hækkuðu um 1.092 millj. kr. milli ára.

Fjármögnunarhreyfingar námu 2.138 millj. kr. samanborið við 3.835 millj. kr. á 3F 2025, einkum vegna lægri afborgana af vaxtaberandi lánum. Afborganir af vaxtaberandi lánum námu 809 millj. kr., afborganir af leiguskuldum 413 millj. kr. og kaup á eigin bréfum 921 millj. kr.

Handbært fé jókst um 458 millj. kr. á fjórðungnum, að meðtöldum gengisáhrifum, og nam 1.771 millj. kr. í lok september.

Horfur í rekstri Festi hf., EBITDA og CAPEX áætlun 2026

- Áframhaldandi spenna í Mið-Austurlöndum hefur skapað verulega óvissu í alþjóðamálum.
- Verð á hrávörumörkuðum, þar á meðal á olíu, hefur hækkað verulega og sveiflur aukist vegna áhyggna af truflunum í aðfangakeðjum.
- Gert er ráð fyrir að framlegð af eldsneyti verði áfram undir þrýstingi á fjórða ársfjórðungi vegna mjög hás eldsneytisverðs á heimsmarkaði.
- Verðbólga á Íslandi er enn mikil, um 6%, og útlit er fyrir að hún haldist há út árið, sem hefur töluverð áhrif á vöruverð og allan rekstrarkostnað. Þá er gert ráð fyrir að ferðamönnum fækki áfram milli ára.
- Áfram verður mikil áhersla lögð á aukna hagræðingu og skilvirkni í allri virðiskeðju samstæðunnar.
- Búist er við að allir starfsþættir bæti afkomu sína á fjórða ársfjórðungi nema Lyfja, sem finnur vel fyrir kostnaðarhækkunum síðustu ára. Álagningu lyfja er stýrt af opinberum aðilum en síðasta breyting var gerð 1. október 2023.
- Félagið er fjárhagslega sterkt og vel í stakk búið til frekari vaxtar, og fjölmörg tækifæri eru til að efla afkomu þess enn frekar.

EBITDA spá félagsins fyrir árið 2026 er óbreytt og nemur 16.000 – 16.500 millj. kr.
CAPEX spá félagsins fyrir árið 2026 er óbreytt og nemur 7.500 – 8.000 millj. kr.

Hluthafar

- Markaðsvirði félagsins í lok 3F 2026 nam 88,1 ma. kr. og hefur lækkað um 12,0% frá ársbyrjun 2026.
- Hluthafar félagsins voru 2.017 í lok 3F 2026 og hefur fjölgað um 288 frá ársbyrjun 2026.

Kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila, fimmtudaginn 29. október 2026

Opinn kynningarfundur og vefstreymi fyrir markaðsaðila verður fimmtudaginn 29. október 2026 þar sem Ásta S. Fjeldsted, forstjóri Festi, og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs Festi, munu kynna afkomu samstæðunnar og svara spurningum. Fundurinn hefst kl. 08:30 í höfuðstöðvum félagsins að Dalvegi 10–14, 3. hæð.

Skráning á vefstreymi fer fram hér: https://www.festi.is/tenglar/uppgjor-3f-2026

Þátttakendur sem fylgjast með rafrænt geta sent inn spurningar á meðan á fundi stendur með því að senda tölvupóst á netfangið fjarfestatengsl@festi.is. Spurningum verður svarað að kynningu lokinni.

Kynningarefni vegna fundarins verður hægt að nálgast að honum loknum á heimasíðu Festi: https://www.festi.is/fjarhagsupplysingar

Fjárhagsdagatal

- 4F 2026: 3. febrúar 2027
- Aðalfundur 2027: 4. mars 2027

Nánari upplýsingar veita Ásta S. Fjeldsted, forstjóri (*asta@festi.is*) og Magnús Kr. Ingason, framkvæmdastjóri fjármála- og rekstrarsviðs (*mki@festi.is*).